

Kirkjugarðaráð

Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri



Guðmundur
Rafn Sigurðsson

Í lögum um kirkjugarða er gerð góð grein fyrir lögbundnum verkefnum kirkjugarða. Samkvæmt þeim er kirkjunni falið að stýra þessum málaflokki þó verkefnin séu ekki beinlínis tengd trúmálum. Innanríkisráðuneytið er fagráðuneyti kirkjugarða en biskup, kirkjugarðaráð, prófastar, prestar, sóknarnefndir og starfsmenn kirkjugarða sjá um stjórnun og framkvæmd verkefna.

Kirkjugarðaráð

Verkefni Kirkjugarðaráðs er að hafa yfirumsjón með kirkjugörðum landsins. Í ráðinu sitja Ragnhildur Benedikstdóttir skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins; Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins, ritari ráðsins; Valtýr Valtýsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP tilnefndur af

Kirkjugarðasambandi Íslands; Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar tilnefndur af Kirkjubing. Framkvæmdastjóri ráðsins er Guðmundur Rafn Sigurðsson, en á vegum ráðsins starfar einnig Sigurgeir Skúlason landfræðingur og kortagerðarmaður. Sér hann um uppmælingu og stærðarútreikninga kirkjugarða vegna gjaldalíkans auk þess að vinna að gerð lóðarblaða uppdráttu og legstaðaskráa fyrir kirkjugarða. Á árinu hélt Kirkjugarðaráð átta fundi auk þess sem farið var í skoðunarferð 18. og 19. ágúst um kirkjugarða í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi í fylgd heimamanna. Framkvæmdastjóri ráðsins heimsótti 98 kirkjugarða á árinu.

Styrkveitingar

kirkjugarðasjóðs – framkvæmdir

Kirkjugarðaráð fer með úthlutun úr



Þóródsstaðir

kirkjugarðasjóði að fenginni umsögn framkvæmdastjóra ráðsins. Á árinu 2011 voru veittir styrkir úr Kirkjugarðasjóði til 46 verkefna samtals að upphæð rúmlega 40 milljónir. Meðal kirkjugarða sem styrktir voru má nefna: *Eiriksstaðir*: endurnýja umgjörð og endurtyrfa garð. *Bakkagerði*: hlaða úr líparít framhlið garðsins. *Hjalli Ölfusi*: ljúka endurhleðslu og lagfæringu garðs eftir jarðskjálftaskemmdir. *Pingvellir*: endurnýja grjót og torfhleðslu umhverfis garðinn. *Kirkjugarðar Keflavíkur*: endurhanna Hólmsbergskirkjugarð. *Kirkjugarðar Reykjavíkur*: vegna duftgarðs í Leynimýri o.fl. *Lundur*: endurnýja umgjörð og endur tyrfa garðinn. *Stafholt*: bæta aðgengi. *Kolbeinsstaðir*: stækkun og lagfæringar innan garðs. *Breiðabólstaður Skógarströnd*: lagfæra umgjörð og garðflöt. *Hjarðarholt í Dölum*: greiða niður bankalán vegna framkvæmda. *Staður Reykhólum*: endurhlaða framhlið kirkjugarðsins úr torfi og grjóti. *Dalvík*: stækkun kirkjugarðs. *Húsavík*: greiða niður skuld. *Svalbarðseyri*: stækkun

og lagfæring á núverandi garði. *Þóródsstaður*: Endurnýja umgjörð og endurtyrfa garð.

Á árinu var unnið við lagfæringar á nokkrum niðurlögðum gördum eins og *Klausturhólum í Grímsnesi*, *Svínavatni í Svínadal*, *Selárdal*, *Söndum í Dýrafirði*. Að lokum má geta þess að *Kirkjugarðasamband Íslands* fékk styrk til áframhaldandi vinnu við gagnagrunninn *gardur.is*, til fræðslumála kirkjugarða og norræns samstarfs og Fornleifavernd ríkisins fékk styrk til útgáfu rits um friðuð minningarmörk.

Frumvarp um breytingar á lögum um kirkjugarða

Á árinu 2005 vann þriggja manna ráðherraskipuð nefnd við endurskoðun laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 og skilaði hún tillögum sínum í nóvember sama ár. Fór nefndin yfir allan lagabálkinn og gerði viðamiklar breytingartillögur á mörgum greinunum með það í huga

m.a að aðlaga þau betur breyttum þjóðfélagsaðstæðum. Við breytingar sem gerðar voru á lögnum sem tóku gildi 4. maí 1993 var aðallega verið að laga kirkjugarðalögin að samkeppnislögum, en lítið farið í bein hagnýt atriðið sem tilheyra faglegum hliðum kirkjugarða og útfararmála. Segja má því að ekki hafi verið farið heildstætt yfir þennan lagabálk síðan Alþingi samþykkti kirkjugarðalögin

26. apríl 1963. Á næsta ári eru því liðin 50 ár frá því að síðast voru samþykkt lög sem fólu í sér heildarendurskoðun kirkjugarðalagana. Þar er því orðið mjög aðkallandi að það frumvarp sem nú liggur fyrir um breytingar á lögum um kirkjugarða fá efnilega umfjöllun og þau fáu atriði sem ekki næst sátt um verði lögð til hliðar svo tryggt verði að lagafrumvarpið hljóti samþykki Alþingis á komandi þingi.